



Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljustað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

*Guðrún Bøðvarsdóttir -
Davíð Stefánsson frá Fagraskógi*



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógungun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg deyr,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Harmonikutónlist

*Prestur: Sr. Jón Ragnarsson
Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson
Harmonika: Sigurður Alfnsson
Söngur: Kammerkór Akranes Kirkju
Útfararþjónusta Akranes Kirkju*

*Jarðsett verður í Innra Hólmskirkjugarði
Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og
býður viðstöddum að þiggja veitingar í safnaðarheimilinu
Vinaminni að athöfn lokinni*



Geir Guðlaugsson

*Fæddur 24. október 1935
Dáinn 1. september 2021*



*Útför frá Akranes Kirkju
mánudaginn 13. september 2021*

Forspil

Bæn

Láttu nú ljósið þitt
loga við rúmið mitt,
hafðu þar sess og sæti,
signaður Jesús mæti.

Eins láttu ljósið þitt
lýsa í hjarta mitt,
skína í sál og sinni,
sjálfur vaktu þar inni.

Lát húmið milt og hljótt
hlúa að mér í nótt
og mig að nýju minna
á mildi arma þinna.

Eg fel minn allan hag
einum þér nótt sem dag,
ljósið af ljósi þínu
lifi í hjarta mínu.

*Erna Blöndal - 1. vers gömul bæn,
2.-4. vers Sigurbjörn Einarsson*

Ritningarorð

Nú hverfur sól í haf
og húmið kemur skjótt.
Ég lofa góðan Guð,
sem gefur dag og nótt,
minn vökudag, minn draum og nótt.

Þú vakir, faðir vor,
ó, vernda börnin þín,
svo víð sem veröld er
og vonarstjarna skín,
ein stjarna hljóð á himni skín.

Lát daga nú í nótt
af nýrri von og trú
í myrkri hels og harms
og hvar sem gleymist þú
á jörð, sem átt og elskar þú.

Kom, nótt, með náð og frið,
kom nær, minn faðir hár,
og leggðu lyfstein þinn
við lífsins mein og sár,
allt mannsins böll, hvert brot og sár.

*Porkell Sigurbjörnsson –
Sigurbjörn Einarsson*



Ritningarorð

Ó, ást, sem faðmar allt! Í þér
minn andi þreyttur hvílir sig,
þér fús ég offra öllu hér,
í undradjúp þitt varpa mér.
Þín miskunn lífgar mig.

Ó, fagra lífsins ljós, er skín
og lýsir mér í gleði og þraut,
mitt veika skar það deyr og dvín,
ó, Drottinn minn, ég flý til þín,
í dagsins skæra skaut.

Ó, gleði', er skín á götu manns
í gegnum lífsins sorgarský.
Hinn skúradimmi skýjafans
er skreyttur litum regnbogans
og sólin sést á ný.

Ó, ég vil elska Kristi kross,
er kraft og sigur veitir mér.
Að engu met ég heimsins hnoss,
því Herrann Jesús gefur oss
það líf, sem eilíft er.

*Albert Lister Peace –
Sigurbjörn Sveinsson*

Guðspjall

Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.
foldin geymi fjötur sinn.
Faðir lífsins, Drottinn minn,
hjálpi mér í himin þinn
heilagur máttur, veikum sendur.
Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

*Bjarni Þorsteinsson –
Sigurður Jónsson frá Arnarvatni*



Minningarorð

Harmoníkuleikur

*Hjalteyrarvalsinn
Guðlaugur Marteinsson og Geir Guðlaugsson*

Bæn / Faðir Vor

